



## Bókun hafnarnefndar vegna Atvinnustefnu

### 1. Atvinnustefna Langesbyggðar – lokaskjal

05.1 Bókun sveitarstjórnar um atvinnustefnu – lokaskjal.

Lokið er mótun atvinnustefnu fyrir Langesbyggð 2026-2030 og aðgerðaráætlun 2026-2028.

Bókun um afgreiðslu: Hafnarnefnd minnir á að sjávarútvegur skapar nærri helming atvinnutekna í Langesbyggð. Í þeim kafla þar sem fjallað er um áherslur er tiltekið í 2. lið að „vinna að heildstæðri framtíðaráætlun hafna innan Langesbyggðar, með þarfir sjávarútvegs, iðnaðar og ferðaþjónustu í huga“. Einnig er í kaflanum „vel tengd (bls. 17) talað um framtíðaráætlun hafna.

Hafnarnefnd tekur undir þetta og fer þess á leit við hafnarstjóra, í samvinnu við hagsmunaaðila sem nýta hafnir Langesbyggðar að gerð verði heildstæð áætlun um framtíð hafna Langesbyggðar, þróun þeirra, nýtingu og nauðsynlegar framkvæmdir til að gera hafnarskilyrði sambærileg við það sem best þekkist þannig að hafnirnar komi að fullum notum við að styrkja samfélagið í Langesbyggð. **Þetta verði gert samhliða vinnu við nýtt aðalskipulag Langesbyggðar.**